

Efni: Umsögn - Frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald - 84. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á [lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum](#) og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 84. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 8. febrúar 2017, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á [lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum](#) og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 84. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt ef Alþingi ákveður að lengja fæðingarorlof þar sem slíkt veitir börnun tækifæri til þess að dvelja lengur með foreldrum sínum eftir fæðingu. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að barn myndar framtengsl við foreldra sína og/eða aðra umönnunaraðila á fyrsta eina til tveimur árum lífs síns. Mikilvægt er að vel takist til þar sem þessi framtengsl eru grunnurinn að getu barnsins til þess að mynda tengsl við aðra einstaklinga síðar á lífsleiðinni. Lenging þess tíma sem foreldrar geta verið heima með börnum sínum er þannig til þess fallin að efla þessi framtengsl barnsins við foreldra sína.

Hvað varðar útfærslu breytinganna, sem eru með þeim hætti að réttur hvors foreldris er lengdur frá þremur mánuðum upp í fimm og sameiginlegur réttur foreldra er minnkaður úr þremur mánuðum í tvo, þá leyfir Barnaverndarstofa sér að benda á að slíkt fyrirkomulag kann að vera til þess fallið að minnka líkurnar á að öll börn fái notið þeirrar auknu samveru með foreldrum sem frumvarpinu er ætlað að stuðla að. Í þessu sambandi bendir Barnaverndarstofa á að tölur frá fæðingarorlofssjóði benda til þess að feður taka sumir hverjir ekki sinn hluta fæðingarorlofsins og mæður eru í miklum meirihluta þeirra sem nýta sér sameiginlegu mánuðina sem foreldrar geta skipt á milli sín. Sú skipting sem frumvarpið kveður á um hefur því frekar kynjapólitískar forsendur fremur en forsendur sem byggja á sjálfstæðum rétti barns til að dvelja lengur á heimili sínu eftir fæðingu. Barnaverndarstofa telur það að sjálfsgöðu jákvætt að báðir foreldrar fái jafnan tíma heima með barni eftir fæðingu en hvetur þá til þess, ef skipting fæðingarorlofsins helst óbreytt í meðförum þingsins, að jafnframt verði gripið til sérstakra ráðstafana til þess að auka töku fæðingarorlofs af hálfu feðra svo börn fái í raun notið lengra fæðingarorlofs eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu